ÁRNI HELGASON

Eintak bókasafns

VMST-R/86032

VEIÐIMÁLASTOFNUN

VAGNHÖFÐA 7 – 112 REYKJAVÍK

H1628 Gutenberg hf

ÁRNI HELGASON

# FRAMLEIÐSLA Í ÍSLENSKU FISKELDI 1986

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
– INNG. FRA HLEMMI
PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK
SÍMI 91-621811

Fiskeldi
Laxeldi
Silungseldi
(Fisk)eldisstöð

VMST-R / 86032

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.................................. 2

FRAMLEIÐSLAN 1986.......................... 2
Laxeldi.......................... 2
Silungseldi...................... 3
Annað eldi....................... 3

STAÐA FISKELDIS Í LANDINU.................. 3

VERÐMÆTI AFURÐA 1986....................... 4

FRAMLEIÐSLUGETA ÍSLENSKRA ELDISSTÖÐVA....... 5

ATVINNUTÆKIFÆRI Í FISKELDI................. 5

ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ELDISSTÖÐVAR........ 6

HEIMILDIR ................................. 6

TÖFLUR, VIÐAUKAR OG MYNDIR

Tafla 1. Framleiðslugeta íslenskra fiskeldisstöðva................. 5

Tafla 2. Fjöldi og dreifing atvinnutækifæra í íslenskum fiskeldisstöðvum..... 5

Viðauki 1. Framleiðsla í laxeldi 1986....... 7

Viðauki 2. Skrá yfir eldisstöðvar........... 9

Viðauki 3. Opinberar stofnanir tengdar fiskeldismálum...................12

Mynd 1. Fjölgun fiskeldisstöðva á Íslandi 1970 til 1986.................... 4

## INNGANGUR

Þetta upplýsingarit Veiðimálastofnunar um fiskeldi á Íslandi er hið þriðja í röðinni og fjallar um árið 1986. Hin fyrri innihalda sambærilegar upplýsingar um árin 1984 og 1985.

Meðal efnis er m.a. ítarleg greinargerð um framleiðslu á helstu afurðum í lax- og silungseldi í öllum starfandi fiskeldisstöðvum í landinu, áætlað verðmæti þeirra og skipting milli eldisgreina og kjördæma. Einnig er fjallað um núverandi framleiðslugetu íslenskra fiskeldisstöðva, fjölda atvinnutækifæra sem fiskeldi veitir og að síðustu veittar almennar upplýsingar um eldisfyrirtækin í landinu.

Allar upplýsingar sem eru birtar hér um eldisstöðvarnar og framleiðslu þeirra eru látnar í té af forsvarsmönnum þeirra.

## FRAMLEIDSLAN 1986

Hér á eftir er greint frá eldisframleiðslunni 1986. Fyrst er fjallað um laxeldi, þá silungseldi og að síðustu um eldi á öðrum lífverum í fersku vatni.

### Laxeldi

Framleiðsla í laxeldi skiptist í seiðaeldi, matfiskeldi og hafbeit. Í seiðaeldi eru gönguseiði talin lokastig framleiðslunnar og smáseiði ekki talin til framleiðslu nema ef sala á þeim hefur átt sér stað frá eldisstöð. Öll gönguseiði eru hinsvegar talin til framleiðslu hvort sem þau eru seld eða nýtt í áframeldi eða hafbeit af framleiðendum sjálfum. Stórseiði eru ekki tilgreind sérstaklega heldur talin með gönguseiðaframleiðslunni.

Í matfiskeldi skiptist framleiðslan í strand- eða landeldi og kvíaeða fareldi. Sá fiskur telst til framleiðslu sem var seldur á árinu hvort heldur er á neyslumarkaði eða til annarra nota (klakfiskur). Hið sama gildir um lax úr hafbeit.

Sundurliðun á framleiðslu einstakra stöðva í laxeldi er í viðauka 1.

### Laxeldi - Seiðaeldi

Heildarframleiðslan skiptist þannig, að 11 seiðaeldisstöðvar skila samtals 1528 þúsund smáseiðum en 23 stöðvar hinsvegar 1910 þúsund gönguseiðum.

Af 49 skráðum seiðaeldisstöðvum eru 19 ekki með neina sölu á árinu, fjórar eru í undirbúningi og tvær ekki starfræktar.

Um 50% aukning hefur orðið í framleiðslu smáseiða frá árinu á undan, en þá voru 9 stöðvar með smáseiðaframleiðslu í stað 11 nú í ár.

Framleiðsluaukning í gönguseiðaeldi er rúm 130% á milli ára. 1985 var heildarframleiðslan um 800 þúsund gönguseiði frá 11 stöðvum en er tæpar tvær milljónir í ár frá 23 stöðvum.

### Laxeldi - hafbeit

Skráðar hafbeitarstöðvar í landinu eru nú 15 talsins. Af þeim endurheimtu 8 stöðvar samtals um 65 tonn af laxi sumarið 1986. Þetta er um 10% aukning frá árinu á undan, en þá skilaði hafbeit samtals 59 tonnum af laxi í 10 hafbeitarstöðvar.

Í eina hafbeitarstöð, Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, gengu um 15 þúsund laxar sumarið 1986 eða um 40 tonn af hafbeitarlaxi. Er það 60% af heildarmagni hafbeitarlax á árinu. Sjö aðrar stöðvar heimtu á bilinu 0.2 - 9.0 tonn af laxi úr sjó, tvær nýstofnaðar stöðvar slepptu fyrstu seiðunum á árinu, en sex skráðar stöðvar voru ekki starfræktar.

Laxeldi - matfiskeldi

Framleiðsla á sláturlaxi með fóðrun er ýmist í strandeldi, kvíaeldi eða fareldi. Auk þess hafa nokkrar stöðvar gert tilraunir með landeldi (eldi í fersku vatni).

Nú eru skráðar 22 strand- og landeldisstöðvar og 20 kvía- og fareldisstöðvar í landinu. Af hinum fyrrnefndu voru 5 stöðvar með samtals 17.1 tonna framleiðslu 1986, en 1985 voru 3 stöðvar með 6.5 tonna framleiðslu. Í kvía- eða fareldi voru 5 stöðvar með samtals 106 tonna framleiðslu 1986 á móti 5 stöðvum með 85 tonn árið 1985. Hlutur einnar kvíaeldisstöðvar, Ísnó í Kelduhverfi, var 80 tonn eða um 75% af heildarframleiðslunni.

Silungseldi

Hér á landi eru bleikja (sjóbleikja), urriði (sjóbirtingur) og regnbogasilungur til í eldi. Bleikju- og urriðaeldi er enn sem komið er í mjög smáum stíl, en eldi á regnbogasilungi er hinsvegar meira.

19 eru með silung í eldi á árinu. Af þeim eru 17 einnig með lax og í flesrum þeirra er lítil áhersla á silungseldi. Flestar þessara stöðva eru með óverulega framleiðslu á silungi 1986. Ein umtalsverð undantekning er þó frá þessu, því Laxalón hf er með allmikla framleiðslu bæði á regnbogasilungsseiðum og matfiski. Árið 1986 var hún um 1 milljón sumaralin seiði, um 100 þúsund sjóeldisseiði og um 150 tonn af matfiski.

Annað eldi

Eldi á öðrum ferskvatnslífverum en laxfiskum er ekki fyrir að fara hér á landi. Einn aðili hefur þó verið með tilraunaeldi á ferskvatnsrækju (Macrobrachium rosenbergii), en í mjög smáum stíl og hefur ekki skilað markaðsvöru ennþá.

## STAÐA FISKELDIS Í LANDINU

Eldisstöðvum í landinu hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og eru nú á skrá yfir hundrað stöðvar eða staðir þar sem eldi er hafið eða er fyrirhugað. Fjölgunin í hinum ýmsu eldisgreinum síðustu áratugina er sýnd í súluriti á mynd 1.

Hinar fyrstu eiginlegu eldisstöðvar eru reistar hér á landi eftir 1950, og fram til 1970 eru mest 10 - 15 stöðvar og klakhús starfandi í landinu. Í öllum þessum stöðvum voru aðallega eingöngu framleidd laxaseiði fyrir fiskrækt, en fáeinar stunduðu þó lítillega hafbeit og matfiskeldi.

Á áttunda áratugnum fjölgar eldisstöðvum hægt og rólega og eru þær orðnar um tuttugu talsins árið 1979. Árið 1980 kemur skyndilegur kippur og framtil 1984 bætast 13 nýjar stöðvar við. Árið 1984 má segja að fiskeldisbyltingin hefjist, því það ár eru 9 stöðvar stofnaðar, árið eftir fjölgar um 22 og það sem af er þessu ári hefur 31 stöð verið skráð.

Mynd 1.




Mest aukning hefur orðið í seiðaeldi á undanförnum árum, en seiðaeldisstöðvar eru nú tæplega helmingur allra skráðra stöðva í landinu. Strandeldis- og kvíaeldisstöðvum hefur einnig fjölgað talsvert, en fjöldi hafbeitarstöðva hefur litið breyst undanfarin 3-4 ár.

Eins og hefur komið fram hér að framan, þá er það aðeins lítill hluti starfandi eldisstöðva sem setja afurðir á markað á árinu. Hlutfallið er breytilegt eftir því hvaða eldi er um að ræða og er t.d. um helmingur skráðra seiðaeldisstöðva og hafbeitarstöðva með einhverja framleiðslu, en aðeins um fjórðungur strand- og kvíaeldisstöðva. Á þessu eru eðlilegar skýringar,því eins og kunnugt er, þá eru framleiðsluferli í laxeldi almennt mjög löng, og tekur t.d. nær 20 mánuði frá því að hrogn eru tekin og þartil gönguseiði eru tilbúin til sölu frá seiðaeldisstöð. Á sama hátt tekur matfiskeldi 16-30 mánuði frá því að byrjað er að ala gönguseiði og þartil sláturfiskur er tilbúin á markað. Af þeim sökum er ljóst, að hinar fjölmörgu stöðvar sem hafa hafið rekstur á síðustu 2-3 árum hafa fæstar lokið einu framleiðslutímabili.

## VERÐMÆTI AFURÐA 1986

Í þeim tilgangi að meta verðmæti afurða úr fiskeldi á árinu er gert ráð fyrir því, að meðalverð fyrir laxaafurðir 1986 hafi verið þessi:

| LAX | | SILUNGUR | |
|---|---|---|---|
| Smáseiði | 20 kr stk | Sumarseiði | 12 kr stk |
| Gönguseiði | 80 kr stk | Sjóeldisseiði | 55 kr stk |
| Sláturlax | 270 kr kg | Matfiskur | 100 kr kg |

Miðaða við þessi verð var heildarverðmæti laxeldisafurða á árinu 1986 um 234 milljónir króna, en afurða úr silungseldi hinsvegar 32 milljónir. Samtals eru þetta því um 266 milljónir. Mestur hluti verðmætanna kom úr seiðaeldi eða um 200 milljónir (75%) , hitt úr matfiskeldi og hafbeit.

## FRAMLEIÐSLUGETA 1986

Það er ljóst af því sem kemur fram hér á undan, að framleiðsla 1986 í fiskeldi er verulega undir framleiðslugetu eldisstöðvanna, og að hún endurspeglar ekki nægilega vel uppbygginguna sem hefur orðið í fiskeldi á síðustu árum. Til þess að fá gleggri mynd stöðunni var upplýsingum safnað um eldisrými sem íslenskar eldisstöðvar ráða yfir í dag, og framleiðslugeta í ólíkum eldisgreinum metin af því. Til grundvallar matinu er gert ráð fyrir því, að í einum $m^3$ sé unnt að framleiða 700 35g gönguseiði eða 25 kg af sláturlaxi. Niðurstöður þessara hugleiðinga eru sýndar í töflu 1.

TAFLA 1. Framleiðslugeta íslenskra laxeldisstöðva miðað við samanlagt eldisrými þeirra.

| AÐFERÐ | RÝMI | FRAMLEIÐSLUGETA |
|---|---|---|
| SEIÐAELDI | 22.000 $m^3$ | 15.4 millj. |
| KVIAELDI | 74.000 $m^3$ | 1850 tonn |
| STRANDELDI | 50.000 $m^3$ | 1250 tonn |

Þó ekki megi líta svo á að hér sé um nákvæmar tölur að ræða, þá sýna þær glögglega þá miklu uppbyggingu sem hefur átt sér stað undanfarin ár, einkum í seiðaeldi. Samkvæmt þessu mati ættu íslenskar seiðaeldisstöðvar að geta framleitt rúmlega 7 sinnum fleiri gönguseiði heldur en varð árið 1986 og væri verðmæti þeirrar framleiðslu á verðlagi þess árs rúmlega 1.2 milljarður króna. Á sama hátt er framleiðslugeta í kvía- og strandeldi metin allt að 25 föld á við framleiðslumagnið á árinu og væri verðmæti framleiðslunnar um 800 milljónum króna á verðlagi ársins 1986.

## ATVINNUTÆKIFÆRI Í FISKELDI

Vegna þess að hlutastörf og íhlaupavinna er mjög algeng í íslensku fiskeldi í dag, er ýmsum vandkvæðum bundið að fá áreiðanlegar tölur um fjölda þeirra sem við það vinna. Ef eingöngu er miðað við þá sem hafa fiskeldi að aðalatvinnu, þá voru samtals 182.5 ársstörf í fiskeldi á árinu 1986. Dreifing þessara starfsgilda á kjördæmi landsins er sýnd í töflu 2.

TAFLA 2 DREIFING ATVINNUTÆKIFÆRA Í FISKELDI MILLI KJORDÆMA Í LANDINU OG MEÐALFJOLDI Í STOÐ.

| KJORDÆMI | ÁRS-STORF | % AF HEILD | FJOLDI STOÐVA | FJOLDI Á STOÐ |
|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 7.0 | 3.8 | 7 | 1.0 |
| REYKJANES | 43.5 | 23.8 | 11 | 3.9 |
| VESTURLAND | 24.5 | 13.4 | 11 | 2.2 |
| VESTFIRÐIR | 14.0 | 7.7 | 12 | 1.2 |
| NORÐURLAND VESTRA | 10.5 | 5.8 | 4 | 2.6 |
| NORÐURLAND EYSTRA | 34.0 | 18.6 | 8 | 4.3 |
| AUSTURLAND | 2.0 | 1.1 | 1 | 2.0 |
| SUÐURLAND | 47.0 | 25.8 | 19 | 2.5 |
| SAMTOLUR: | 182.5 | 100.0 | 73 | MT 2.5 |

Eins og tölurnar sýna, þá er fjöldi starfsmanna í fiskeldisstöðvum aðeins 2.5 að meðaltali. Aðeins þrjár stöðvar hafa fleiri en 10 starfsmenn, og algengasti fjöldi er 3-6 í stöðvum sem eru komnar með fullan rekstur, en 1-3 í nýjum stöðvum sem eru að byrja.

## ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ELDISSTÖÐVAR

Í viðauka 2 er listi yfir allar skráðar eldisstöðvar í landinu samkvæmt skráningum Veiðimálastofnunar 1. desember 1986. Í skránni koma fram upplýsingar um eldisstaði, stöðvarstjóra og símanúmer í stöðvunum. Stöðvunum er raðað í röð eftir kennínúmerum þeirra, þannig að stöðvar í sömu kjördæmum, sýslum eða hreppum eru saman.

Í viðauka 3 er skrá yfir helstu opinberar stofnanir sem tengjast fiskeldismálum.

## HEIMILDIR


Árni Helgason 1985 Framleiðsla fiskeldis- og hafbeitarstöðva á Íslandi árið 1984.
Veiðimálastofnun VMST-R / 85005,13bls.

Árni Helgason 1986 Framleiðsla íslenskra fiskeldistöðva á á árinu 1985.
Veiðimálastofnun VMST-R / 86013,12bls.

Upplýsingar frá forsvarsmönnum fiskeldisstöðva í landinu.

VIĐAUKI 1. FRAMLEIÐSLA Í LAXELDI ÁRIÐ 1986 SKIPT EFTIR STÖÐVUM OG KJÖRDÆMUM.

| KENNINÚMER | ELDISSTÖÐ | SS | GS | SE | KE | HB |
|---|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVIK | | | | | | |
| 0000-1010 | ELDISSTÖÐIN VIÐ ELLIÐAÁR | 50.0 | 15.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1020 | ELDISSTÖÐIN KELDUM | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1030 | LAXALÓN SF (v/Vesturlandsveg) | 500.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1040 | ÍSLENSKA FISKELDISFÉLAGIÐ HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1060 | HAFLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1070 | FISKELDISSTÖÐ ÍVARS FRIÐÞJÓFSS. | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1080 | SVEINBJÖRN RUNÓLFSSON HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 7 STÖÐVAR MEÐ : | 550.0 | 15.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| REYKJANES | | | | | | |
| 2501-1010 | ELDI HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2501-1020 | FISKELDI GRINDAVÍKUR HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2501-1040 | ÍSLANDSLAX HF | 0.0 | 200.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2502-1010 | SJÓELDI HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2502-1020 | SILFURGEN HF (Kalmanstjörn) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2503-1010 | ATLANTSLAX HF(Sandgerði) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2506-1010 | VOGALAX HF | 0.0 | 45.0 | 0.0 | 0.0 | 6.0 |
| 2507-1010 | PÓLARLAX HF | 0.0 | 55.0 | 0.0 | 0.0 | 9.0 |
| 2602-1020 | ELDISSTÖÐ SVFR | 40.0 | 5.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2603-1010 | LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS | 100.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 39.0 |
| 2604-1010 | LAXALÓN HF (Hvammsvík) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 11 STÖÐVAR MEÐ : | 140.0 | 305.0 | 0.0 | 0.0 | 54.0 |
| VESTURLAND | | | | | | |
| 3501-1010 | FISKELDISFÉLAGIÐ STRÖND HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 4.0 | 0.0 |
| 3501-1020 | KIÆLDISSTÖÐIN FERSTIKLU | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3505-1010 | KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | 26.0 | 1.5 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3509-1010 | FISKRÆKTARSTÖÐ VESTURLANDS | 50.0 | 120.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3509-1020 | SEIÐAELDISSTÖÐIN HÚSAFELLI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3707-1010 | HAFELDI HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3709-1010 | LÁTRAVÍK HF | 0.0 | 69.0 | 0.0 | 0.0 | 6.5 |
| 3709-1020 | SNÆLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 15.0 | 0.0 |
| 3809-1010 | DALALAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3809-1020 | ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3809-1030 | HAFBEITARSTÖÐIN KLEIFUM | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 11 STÖÐVAR MEÐ : | 76.0 | 190.5 | 0.0 | 19.0 | 6.5 |
| VESTFIRÐIR | | | | | | |
| 4501-1010 | SILFURSILI I | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4601-1020 | KLAK- OG ELDISSTÖÐIN SEFTJÖRN | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4603-1010 | VESTURLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4604-1010 | LAX HF | 0.0 | 17.0 | 3.5 | 0.0 | 0.0 |
| 4604-1020 | ÞÓRSLAX HF | 0.0 | 0.0 | 6.5 | 0.0 | 0.0 |
| 4604-1040 | ELDISSTÖÐIN BÚÐEYRI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4706-1010 | HAFBEITARSTÖÐIN BOTNI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.3 |
| 4805-1010 | HAFBEITARSTÖÐIN DJÚPLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.2 |
| 4805-1020 | LAXELDISSTÖÐIN HVERAVÍK | 0.0 | 0.0 | 0.1 | 0.0 | 0.0 |
| 4806-1010 | ÍSLAX HF | 150.0 | 50.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4806-1020 | BLÆLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4902-1010 | ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | 0.0 | 4.5 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 12 STÖÐVAR MEÐ : | 150.0 | 71.5 | 10.1 | 0.0 | 0.5 |

NORÐURLAND VESTRA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 5100-1020 | HAFRÚN HF | 0.0 | 0.0 | 2.0 | 2.0 | 0.0 |
| 5709-1010 | HÓLALAX HF | 204.0 | 198.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 5713-1010 | FLJÓTALAX HF | 0.0 | 200.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4713-1030 | MIKLILAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 4 STÖÐVAR MEÐ : | 204.0 | 398.0 | 2.0 | 2.0 | 0.0 |

NORÐURLAND EYSTRA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 6100-1010 | FISKELDI HF | 28.0 | 82.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6100-1020 | KLAKSTÖÐIN HF | 0.0 | 39.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6200-1010 | ÓSLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6503-1010 | ÓLUNN HF | 0.0 | 0.0 | 5.0 | 5.0 | 0.0 |
| 6610-1010 | NORÐURLAX HF | 300.0 | 145.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6701-1010 | ÁRLAX HF | 0.0 | 80.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6701-1020 | ÍSNÓ HF (Kelduhverfi) | 0.0 | 80.5 | 0.0 | 80.0 | 3.3 |
| 6708-1010 | FISKHALDSSTÖÐIN NAUSTIN HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.7 |
| | SAMTALS 8 STÖÐVAR MEÐ : | 328.0 | 426.5 | 5.0 | 85.0 | 4.0 |

AUSTURLAND

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 7100-1010 | MÁNALAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 1 STÖÐ MEÐ : | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |

SUÐURLAND

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8000-1010 | ÍSNÓ HF (Vestmannaeyjar) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8502-1010 | KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8506-1010 | ELDISSTÖÐIN VÍK Í MÝRDAL | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8608-1010 | ELDISSTÖÐIN FELSSMÚLA | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8608-1020 | BÚFISKUR HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8610-1010 | ELDISTÖÐIN SUMARLIÐABÆ | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8702-1010 | LAXELDISSTÖÐIN STOKSSEYRI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8705-1010 | BAKKALAX | 0.0 | 9.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8710-1010 | FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8711-1010 | SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8712-1010 | LAUGARLAX HF | 80.0 | 180.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8713-1010 | FJALLALAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1010 | VEIÐIFÉLAG ÁRNESINGA | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1020 | KLAKHÚSIÐ ÞÚRÁ | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1030 | LAXALÓN SF (Fiskalóni) | 0.0 | 260.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1040 | SILFURLAX HF (Núpum III) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1050 | ÍSÞÓR HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1060 | SMÁRI HF | 0.0 | 35.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1070 | ÍSLENSKA FISKELDISFÉLAGIÐ HF (Læk) | 0.0 | 20.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 19 STÖÐVAR MEÐ: | 80.0 | 504.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HEILDARFRAMLEIÐSLA FYRIR LANDIÐ | 1528.0 | 1910.5 | 17.1 | 106.0 | 65.0 |

SKÝRINGAR: Í þessari skrá eru eingöngu þær stöðvar, sem teknar eru til starfa. Stöðvar sem eru í undirbúningi eða ekki í rekstri eru undanskildar. SS eru smáseiði og GS eru gönguseiði(í þúsundum). SE, KE og HB eru fyrir lax framleiddan í strand- eða landeldi, kvía- eða fareldi og með hafbeit (í tonnum).

VIDAUKI 2 SKRÁ YFIR SKRÁDAR ÍSLENSKAR FISKELDISSTODVAR SEM ERU STARFANDI EDA Í UNDIRBÚNINGI ÁSAMT HEIMILISFONGUM, NOFNUM STODVARSTJÓRA OG SÍMANÚMERUM Í STODVUNUM. ELDISSTODVUNUM ER RADAD EFTIR KENNINÚMERUM OG SKIPT NIDUR Á KJORDÆMI.

| KENNINÚMER | ELDISSTOD | ADSETUR | HREPPUR | POSTFANG | STODVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | | | | | | |
| 0000-1010 | ELDISSTODIN VID ELLIDAÁR | ELDISSTOD V/ELLIDAÁR | | 110, REYKJAVÍK | JAKOB HAFSTEIN | 91-39960 |
| 0000-1030 | LAXALÓN SF (v/Vesturlandsveg) | LAXALÓNI V/VESTURLANDSV. | | 110, REYKJAVÍK | ÓLAFUR SKÚLASON | 91-83661 |
| 0000-1040 | ÍSLENSKA FISKELDISFELAGID HF | EIDISVÍK | | 110, REYKJAVÍK | | |
| 0000-1050 | BORGARELDI HF | | | | | |
| 0000-1060 | HAFLAX HF | | | | | |
| 0000-1070 | FISKELDISSTOD ÍVARS FRIDÞJÓFSS. | GELDINGANESI | | | | |
| 0000-1080 | SVEINBJÖRN RUNÓLFSSON HF | | | | | |
| **REYKJANES** | | | | | | |
| 2501-1010 | ELDI HF | HÚSATÓFTUM | | 240, GRINDAVÍK | JÓN PÉTURSSON | 92-8716 |
| 2501-1020 | FISKELDI GRINDAVÍKUR HF | | | 240, GRINDAVÍK | GUNNAR MÁSSON | |
| 2501-1030 | SJÁVARGULL HF | HRAUN | | 240, GRINDAVÍK | | |
| 2501-1040 | ÍSLANDSLAX HF | STAD | | 240, GRINDAVÍK | JÓN ÞÓRDARSON | 92-8790 |
| 2501-1050 | ATLANTSLAX HF (Grindavík) | STAD | | 240, GRINDAVÍK | | |
| 2502-1010 | SJÓELDI HF | HÖFNUM | | 233, HAFNIR | JÓN GUNNLAUGSSON | 92-6944 |
| 2502-1020 | SILFURGEN HF (Kalmanstjörn) | KALMANSTJÓRN | HAFNARHREPPI | 233, HAFNIR | | |
| 2502-1030 | KINNABERG HF | | HAFNAREPPUR | | | |
| 2503-1010 | ATLANTSLAX HF(Sandgerði) | | MIDNESHREPPI | 245, SANDGERDI | STEFÁN | |
| 2506-1010 | VOGALAX HF | VOGAR | | 190, VOGAR | SVEINBJÖRN | 92-6649 |
| 2506-1020 | SILFURLAX HF (Þórustaðir) | ÞÓRUSTADIR | | 190, VOGAR | | |
| 2506-1030 | LINDARLAX HF | | | | | |
| 2507-1010 | PÓLARLAX HF | STRAUMSVÍK | | 220, HAFNARFJ. | | 91-54615 |
| 2508-1010 | FISKELDISSTODIN SELSKARDI | | BESSASTADAHREPPI | | | |
| 2602-1020 | ELDISSTOD SVFR | SKÓGARNESI | MOSFELLSHREPPI | 270, VARMÁ | GUDMUNDUR BANG | |
| 2602-1030 | SEIDAELDISSTOD HILMARS SIGURDSS. | | MOSFELLSHREPPI | | | |
| 2603-1010 | LAXELDISSTOD RÍKISINS | KOLLAFIRDI | | 270, VARMÁ | ÓLAFUR ÁSMUNDSSON | 91-666380 |
| 2604-1010 | LAXALÓN HF(Hvammsvík) | HVAMMSVÍK | KJÓSARHREPPI | | | 91-667022 |
| **VESTURLAND** | | | | | | |
| 3501-1010 | FISKELDISFELAGID STROND HF | SAURBÆ | STRANDAHREPPI | 301. AKRANES | FINNUR GARDARSSON | 93-3861 |
| 3501-1020 | KIAELDISSTODIN FERSTIKLU | FERSTIKLU | STRANDAHREPPI | 301, AKRANES | VÍFILL BÚASON | 93-3838 |
| 3505-1010 | KLAKSTODIN FOSSATÚNI | FOSSATÚNI | ANDAKÍLSHREPPI | 311, BORGARNES | STURLA GUDBJARNARSON | 93-5243 |
| 3509-1010 | FISKRÆKTARSTOD VESTURLANDS | LAXEYRI | HÁLSAHREPPI | 311, BORGARNES | BJARNI ÁSKELSSON | 93-5380 |

| KENNINÚMER | ELDISSTOÐ | AÐSETUR | HREPPUR | PÓSTFANG | STOÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VESTURLAND (frh)** | | | | | | |
| 3509-1020 | SEIÐAELDISSTOÐIN HÚSAFELLI | HÚSAFELLI | HÁLSAHREPPI | 311, BORGARNES | BERGÞÓR KRISTLEIFSSON | 93-5374 |
| 3707-1010 | HAFELDI HF | | | 355, ÓLAFSVÍK | | |
| 3709-1010 | LÁTRAVÍK HF | LÁRÓSI | | 350, GRUNDARFJ. | | |
| 3709-1020 | SNÆLAX HF | SÓLVELLIR 2 | | 370, GRUNDARFJ. | SVANUR GUÐMUNDSSON | 93-8632 |
| 3809-1010 | DALALAX HF | HVOLI | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDAL | INGIBERG HANNESSON | 93-4933 |
| 3809-1020 | ELDISSTOÐIN KVERNGRJÓTI | KVERNGRJÓTI | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDALUR | HÖRÐUR GUÐMUNDSSON | 93-4914 |
| 3809-1030 | HAFBEITARSTOÐIN KLEIFUM | KLEIFUM | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDAL | | |
| **VESTFIRÐIR** | | | | | | |
| 4501-1010 | SILFURSILI I | GARPSDAL | | 380, KRÓKSFJ.NES | REYNIR BERGSVEINSSON | 93-4855 |
| 4601-1020 | KLAK- OG ELDISSTOÐIN SEFTJÖRN | SEFTJÖRN | BARÐASTRANDAHR. | 451, PATREKSFJ. | EINARGUÐMUNDSSON | 94-2003 |
| 4603-1010 | VESTURLAX HF | | | 450, PATREKSFJ. | BJÖRN GÍSLASON | 94-1377 |
| 4604-1010 | LAX HF | BOTNI | | 460, TÁLKNAFJ. | BJÖRGVIN SIGURJÓNSSON | 94-2513 |
| 4604-1020 | ÞÓRSLAX HF | GILEYRI | | 460, TÁLKNAFJ. | GUÐJÓN INDRIÐASON | |
| 4604-1040 | ELDISSTOÐIN BÚÐEYRI | BÚÐEYRI | | 460, TÁLKNAFJ. | BÁRÐUR ÁRNASON | |
| 4706-1010 | HAFBEITARSTOÐIN BOTNI | BOTNI | | 430, SUÐUREYRI | | |
| 4805-1010 | HAFBEITARSTOÐIN DJÚPLAX HF | REYKJARFIRÐI | | 401, ÍSAFJÖRÐUR | KRISTJÁN PÉTURSSON | 94-4841 |
| 4805-1020 | LAXELDISSTOÐIN HVERAVÍK | HVERAVÍK | | 401, ÍSAFJÖRÐUR | | |
| 4806-1010 | ÍSLAX HF | NAUTEYRI | NAUTEYRARHREPPI | 401, ÍSAFJÖRÐUR | BENEDIKT EGGERTSSON | 94-4821 |
| 4806-1020 | BLÆLAX HF | HALLSTAÐIR | | 401, ÍSAFJÖRÐUR | | |
| 4806-1030 | DRAGÁS HF | ÁRMÚLA | NAUTEYRARHREPPI | 401, ÍSAFJÖRÐUR | | |
| 4902-1010 | ELDISSTOÐIN DRANGSNESI | DRANGSNESI | KALDRANANESHR. | 520, DRANGSNES | GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | |
| **NORÐURLAND VESTRA** | | | | | | |
| 5100-1020 | HAFRÚN HF | SAUÐÁRKRÓKI | | 550, SAUÐÁRKR. | JÓHANN SVAVARSSON | 95-5280 |
| 5709-1010 | HÓLALAX HF | HÓLUM | HÓLAHREPPUR | 551, SAUÐÁRKR. | JÓN STEFÁNSSON | 95-6603 |
| 5713-1010 | FLJÓTALAX HF | REYKJARHÓLI | HAGANESHREPPI | 570, FLJÓT | TEITUR ARNLAUGSSON | 96-73215 |
| 5713-1030 | MIKLILAX HF | | | | | |
| **NORÐURLAND EYSTRA** | | | | | | |
| 6100-1010 | FISKELDI HF | HAUKAMÝRARGILI | | 640, HÚSAVÍK | SVEINBJÖRN MAGNÚSSON | 96-41480 |
| 6100-1020 | KLAKSTOÐIN HF | TRAÐARGERÐI | | 640, HÚSAVÍK | | 96-41056 |
| 6200-1010 | ÓSLAX HF | GARÐI I | | 625, ÓLAFSFJ. | SVEINBJÖRN ÁRNASON | |
| 6503-1010 | ÓLUNN HF | | | 620, DALVÍK | ÞÓRÓLFUR ANTONSSON | |
| 6610-1010 | NORÐURLAX HF | LAXAMÝRI I | REYKJAHREPPI | 641, HÚSAVÍK | BJÖRN JÓNSSON | 96-41770 |
| 6701-1010 | ÁRLAX HF | ÁRTUNGU | KELDUNESHREPPI | 670, KÓPASKER | ERLA INGÓLFSDÓTTIR | 96-4111 |

| KENNINÚMER | ELDISSTOÐ | AÐSETUR | HREPPUR | PÓSTFANG | STOÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **NORÐURLAND EYSTRA (frh)** | | | | | | |
| 6701-1020 | ÍSNÓ HF (Kelduhverfi) | LÓNI | KELDUNESHREPPI | 670, KÓPASKER | | 96-52190 |
| 6702-1010 | SELJALAX | SKÓGALÓNI | ÖXARFJARÐARHR. | 671, KÓPASKER | | |
| 6708-1010 | FISKHALDSSTÖÐIN NAUSTIN HF | EIÐI | SAUÐANESHREPPI | 680, ÞÓRSHÖFN | VILHJÁLMUR ÞÓRÐARSON | 96-26920 |
| **AUSTURLAND** | | | | | | |
| 7000-1010 | STRANDALAX HF | | | 10, SEYÐISFJ. | | |
| 7100-1010 | MÁNALAX HF | | NORÐFJARÐARHREPPI | 40, NESKAUPSST. | GYLFI GUNNARSSON | 97-7724 |
| **SUÐURLAND** | | | | | | |
| 8000-1010 | ÍSNÓ HF (Vestmannaeyjar) | | | | | |
| 8502-1010 | KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | YTRA-HRAUNI | KIRKJUBÆJARHREPPI | 80, KIRKJUB.KL. | ARNAR SIGURÐSSON | |
| 8506-1010 | ELDISSTÖÐIN VÍK Í MÝRDAL | | | 70, VÍK Í MÝRD. | | 99-7250 |
| 8608-1010 | ELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | FELLSMÚLA | LANDMANNAHREPPI | 801, SELFOSS | | |
| 8608-1020 | BÚFISKUR HF | FLAGBJARNARHOLTI II | LANDMANNAHREPPI | 851, HELLA | TEITUR KJARTANSSON | 99-5578 |
| 8608-1030 | VATNAGULL HF | LÆKJARBOTNUM | LANDMANNAHREPPI | 851, HELLA | VALMUNDUR GÍSLASON | 99-5579 |
| 8610-1010 | ELDISTÖÐIN SUMARLIÐABÆ | SUMARLIÐABÆ | ÁSAHREPPI | 851, HELLA | ÞÓRHALLUR STEINSSON | |
| 8610-1020 | ELDISSTÖÐIN KRÓKI | KRÓKI | ÁSAHREPPI | 851, HELLA | ÁRNI JÓNSSON | |
| 8702-1010 | LAXELDISSTÖÐIN STOKSSEYRI | | STOKKSEYRARHR. | 825, STOKKSEYRI | | |
| 8705-1010 | BAKKALAX | BAKKA II | SELFOSSHREPPI | 801, SELFOSS | | |
| 8705-1020 | VATNARÆKT HF | BAKKA I | SELFOSSHREPPI | 801, SELFOSS | | |
| 8710-1010 | FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | TUNGUFELLI | HRUNAMANNAHR. | 801, SELFOSS | SVANUR H. EINARSSON | 99-6723 |
| 8711-1010 | SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | SPÓASTÖÐUM | BISKUPSTUNGNAHR. | 801, SELFOSS | ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON | 99-6863 |
| 8712-1010 | LAUGARLAX HF | | LAUGARDALSHREPPI | 801, SELFOSS | HALLDÓR GUÐJÓNSSON | 99-6223 |
| 8713-1010 | FJALLALAX HF | HALLKELSHÓLUM II | GRÍMSNESHREPPI | 801, SELFOSS | GÍSLI HENDRIKSSON | |
| 8717-1010 | VEIÐIFÉLAG ÁRNESINGA | LAUGABÖKKUM | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | GUNNAR GUNNARSSON | |
| 8717-1020 | KLAKHÚSIÐ ÞÚRÁ | ÞÚRÁ | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | ÞORLÁKUR KOLBEINSSON | |
| 8717-1030 | LAXALÓN SF (Fiskalóni) | FISKALÓNI | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | | 99-4682 |
| 8717-1040 | SILFURLAX HF (Núpum III) | NÚPUM III | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | | |
| 8717-1050 | ÍSÞÓR HF | | ÖLFUSHREPPI | 815, ÞORLÁKSHÖFN | | |
| 8717-1060 | SMÁRI HF | | ÖLFUSHREPPI | 815, ÞORLÁKSHÖFN | | 99-3524 |
| 8717-1070 | ÍSLENSKA FISKELDISFÉLAGIÐ HF | LÆK | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | SIGURÐUR ÞÓRÐARSON | |
| 8717-1080 | ELDISSTÖÐ AÐ NÚPUM | NÚPUM I | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | | |
| 8717-1090 | STÓRLAX HF | ÞÚRÁ | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | | 99-4513 |

VIÐAUKI 3. OPINBERAR STOFNANIR TENGDAR FISKELDISMÁLUM Á ÍSLANDI.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| YFIRSTJÓRN FISKELDISMÁLA | | | | | |
| VEIÐIMÁLASTOFNUN | HVERFISGÖTU 116 | PÓSTHÓLF 5252 | 125, REYKJAVÍK | 91-621811 | ÁRNI HELGASON |
| LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ | ARNARHVÁLI | | 101, REYKJAVÍK | 91-25000 | SVEINBJÖRN DAGFINNSSON |
| UMSAGNIR OG LEYFISVEITINGAR | | | | | |
| HOLLUSTUVERND RÍKISINS | SÍÐUMÚLA 13 | | 105, REYKJAVÍK | 91-81844 | GUNNAR STEINN JÓNSSON |
| NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ | HVERFISGÖTU 26 | | 101, REYKJAVÍK | 91-22520 | SIGURÐUR ÞRÁINSSON |
| VEIÐIMÁLASTOFNUN | HVERFISGÖTU 116 | PÓSTHÓLF 5252 | 125, REYKJAVÍK | 91-621811 | ÁRNI HELGASON |
| HEILBRIGÐIS- OG SJÚKDÓMAMÁL | | | | | |
| SÉRFRÆÐINGUR FISKSJÚKDÓMANEFNDAR | KELDUM | PÓSTHÓLF 8840 | 108, REYKJAVÍK | 91-82811 | SIGURÐUR HELGASON |
| DÝRALÆKNIR FISKSJÚKDÓMA | KELDUM | PÓSTHÓLF 8840 | 108, REYKJAVÍK | 91-82811 | ÁRNI MATHIESEN |
| OPINBER FJÁRMÖGNUN | | | | | |
| BYGGÐASTOFNUN | RAUÐARÁRSTÍGUR 25 | | 105, REYKJAVÍK | 91-25133 | GUÐMUNDUR ÓLAFSSON |
| FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS | RAUÐARÁRSTÍGUR 25 | | 105, REYKJAVÍK | 91-25133 | SNORRI TÓMASSON |
| FISKELDISRÁÐGJÖF | | | | | |
| VEIÐIMÁLASTOFNUN | HVERFISGÖTU 116 | PÓSTHÓLF 5252 | 125, REYKJAVÍK | 91-621811 | ÁRNI HELGASON |